



387. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 30. nóvember 2011. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Oddný G. Harðardóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Þuríður Backman, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ólafur Ö. Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Sigurður I. Jóhannsson boðaði forföll.

Þetta gerðist:

1. Fjármál

Formaður gerði grein fyrir fjárlagatillögum sem varða þjóðgarðinn og fundi með starfsmönnum forsætisráðuneytis um fjármálin í heild en niðurskurðarkrafa tillagnanna er 7,2 m kr. sem jafngildir 7% af fjárveitingum fyrra árs.

Formaður leggur til að nefndin óski eftir hækkun á fjárveitingum milli 2. og 3. umræðu fjárlaga til að anna aukinni eftirspurn fyrir þjónustu og styrkja landvörslu í þjóðgarðinum.

Tillaga formanns samþykkt með 4 atkvæðum, 2 nefndarmenn sitja hjá.

2. Almagnagjá

Aðferðir við hönnun göngustígs um Kárastaðastíg í Almagnagjá ræddar að nýju að ósk Ragnheiðar Elínar sem leggur áherslu á að farið sé að ráðleggingum Framkvæmdasýslu ríkisins og enn fremur að forstjóri stofnunarinnar verði fenginn á fund Þingvallanefndar til að ræða um hvernig best væri að standa að slíkri framkvæmd.

Formaður minnir á að Framkvæmdasýslan hafi strax í upphafi komið að þessu máli. Frumkostnaðaráætlanir voru unnar af Framkvæmdasýslunni í apríl s.l. og lagðar fram á fundum í maí, en þær voru grunngögn þegar óskað var eftir aukafjárveitingu. Á fundum í sumar hafi þjóðgarðsvörður og formaður skýrt frá samskiptum sínum við starfsmenn Framkvæmdasýslu.

Eftir allmiklar umræður bar formaður upp að nýju tillögu sem samþykkt var á síðasta fundi Þingvallanefndar og hljóðar svo: „Viðhöfð verði lokuð framkvæmdasamkeppni, þar sem valdar eru 3-5 arkitektar/-stofur. Lögð verði áhersla á að samkeppnin taki sem skemmstan tíma, 6-8 vikur og leitað verði leiða til að ljúka framkvæmdum í maí.“

Tillagan var samþykkt með 4 atkvæðum, 2 á móti. Þorgerður Katrín og Ragnheiður Elín lýsa yfir andstöðu sinni við þetta verklag.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00.

